

BENT STEINSTEYPA,

ýmis atriði, skýringar, athugasemdir og leiðbeiningar

1. STEINSTEYPA

1.1 Brotþolsflokkun

Brotþolsflokkur steinsteypu sem nauðsynlegur er í hverjum byggingahluta er tilgreindur í 1.3. hér að neðan. Brotþolsflokkar eru skilgreindir samkvæmt ENV 206 og táknaðir með C15 til C50, þar sem talan táknar tilskilið brotþol 150 x 300 mm sívalninga.

1.2 Samsetning

Fylliefni steypunnar, þ.e. mól og sandur, skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar er varðar virkni fyrir alkali-kísil efnabreytingum. Söldurferill fylliefna skal að jafnaði liggja innan marka sem sýnd eru á Rb blaði Rb.Ep.002. Öll steypa sem verður fyrir áhrifum frosts skal vera loftblendin og skal loftmagnið vera skv. 1.3 mælt á byggingastað með rúmmálsaðferð rétt áður en steypan er lögð í mót. Notkun íblöndunarefna er háð samþykki verkkaupa.

1.3 Upplýsingar um steypu

C20-steypa

Þessi steypa komi í þrifaag undir undirstöður og er ekki járnþent.

Steypan skal uppfylla eftirfarandi skilyrði.

Styrkleikaflokkur skv. CEB: C20.

Loftmagn 6 – 8% mælt við niðurlögn eftir dælingu.

Vatns/semmentshlutfall undir 0,60.

Hámarks Kornastærð er 32 mm, en hún skal minni ef þykkt lagsins er svo lítil að korn muni standa upp fyrir réttan yfirborðskóta.

C30-steypa

Steypan skal uppfylla eftirfarandi skilyrði.

Styrkleikaflokkur skv. CEB: C30.

Loftmagn 6 – 8% mælt við niðurlögn eftir dælingu.

Lágmarks sementsmagn: 350 kg/m³.

Vatns/semmentshlutfall undir 0,45.

Hámarks Kornastærð: 19 mm.

Reikna skal með að leggja niður steypuna með sigmáli á bilinu 15–18 cm.

Tafla 1 Steypuhulur járna

Að jarðvegi	Steyp á fyllingu / Þrifaagssteypu 35 mm
Veggir	35 mm
Plötur	35 mm

Þar sem raufar eru gerðar í steypuyfirborð skal járnahula skv. töflu 1 miðast við mál frá steypuyfirborði í rauf að járn.

2. BENDISTÁL

2.1 Skilgreiningar og tákni

Stáltegund er kambstál K500 sem hafi lágmarks flotstyrk 500 MPa, auðkennt K8, K10, K12, K16, K20 og K25 á teikningum.

Bendistál er táknað á eftirfarandi hátt:

Slétt stál; merkt R8, R10 o.s.frv.

Kambstál; merkt K8, K10, K12 o.s.frv.

Tölurnar tákna þvermál járna í mm.

Allt kambstál sem á að beygja skal vera suðuhæft og er því ekki sérmerkt.

— Táknar enda á ókrökbeygðu stáli.

— Táknar enda á krökbeygðu stáli.

Á teikningum tákna:

Járn í brún fjar sniði.

Járn í brún nær sniði.

Að K10 járn leggist með 320 mm millibili yfir það svæði sem pílustrikið spannar.


Táknar plötubýkkir í mm.

Járn í sömu átt og pílan liggja næst yfirborði plötu.

Steypuskil

Skeytilengd járna skal vera samkvæmt töflu 2, nema annað sé sýnt á teikningum, og skeytist ekki meira en annað hvert járn í hverju sniði, nema annað sé sýnt. Beygjuskífa fyrir uppbyggju á langjárnnum, í bitum, súlum og plötum svo og fyrir gerð króka og haka á langjárnnum skal vera eins og sýnt er á mynd 1.

Mynd 1.



Tafla 2. járnavinna


Þvermál stangar (mm)	Þvermál beygju-skiðu lykkju (mm)	Skeytilengdir járna (mm). Hlutfall skeyttra járna í sniði.					
		Yfir 50%		20–50%		Undir 20%	
		①	②	①	②	①	②
8	32	600	420	530	380	350	240
10	40	750	520	660	470	440	300
12	48	900	620	800	560	530	360
16	64	1200	830	1060	750	700	480
20	140	1500	1050	1320	940	880	600
25	175	1850	1300	1650	1180	1100	750

① Liggjandi járn ② Standandi járn

Ofangreindar reglur um stærðir á beygjuskífum gilda, nema annað sé tekið fram á teikningum. Lykkjur skulu vera úr suðuhæfu kambstáli.


Beygjuþvermál má þó aldrei verða minna en það gildi sem framleiðendur taka ábyrgð á. Festilengd og gerð samskeyta í lykkjum skal vera eins og sýnt er á mynd 2.

Mynd 2.




Uppgefin mál á lengdum lykkju eru utanmál. Lykkjum í bitum má loka eins og sýnt er á eftirfarandi hátt.

Mynd 3.




Innbyrðis fjarlægð bendistanga skal uppfylla þau skilyrði sem koma fram á meðfylgjandi mynd.

Mynd 4.



a₁: Skal aldrei vera minna en þvermál langjárna.
a₁: Skal vera stærra en 20mm.
a₁: Skal vera stærra en hámarks Kornastærð að viðbættum 5mm. (gildir ekki fyrir járnahneppi)

Mynd 5.



Þar sem annað er ekki sýnt skal bending í kringum göt svara til þeirrar bendingar sem rofin er og ná að minnsta kosti eina skeytilengd framhjá gati í báðar áttir. Við hliðar sem eru lengri en 400 mm eða 0 400 skal rofin bending þess utan lokast með U-lykkju K10. Sjá mynd 5

BATTERIÐ
VERK
MÖG
SAMB
SKYRNING
20 APR 2001
Byggingafulltrúi / Hafnarfjörð
Eh. Sigurbjartur Halldórsson

Skýringar:
Explanations:

Fjöldi stykja Number of pieces		Mitur Object	Atrið Item	Efni Material	ea. sta. Weight (kg)	Ítalaf heild Total of pieces	Allhugasemdir Remarks
IV III I		ISAL – Flutningur skauta – Matshluti 83					Málsvæði Scale Stærð framtíð. Form of orig. COno – Eq.type – Eq.no. A1
A		Línuhönnun hf.		Drögn af supp. / tekna. variða Breyt./Rev.		Breyt./Rev.	
Breyt. Rev.	Breyting Revision	Daga Date	Samb. Approved	Notk. heiml. Released			
Tilv. teikningar nr. ISAL Ref. drawing no. of ISAL		Samsetn. teikningar nr. ISAL Assembly drawing no. of ISAL					
This drawing is the property of the ICELANDIC ALUMINIUM CO. LTD. and handed out for personal use only. It may neither be copied nor made available to others without permission of the ICELANDIC ALUMINIUM CO. LTD. The receiver is liable for any misuse.		Tilv. teikning Drawn		Yfirf. og skv. Checked and filed		Notkun heimil. Released	
algroup alusúluse primary materials		icelandic aluminium co. ltd. p.ó. box 244 is-222 hafnarfjörður, iceland		166023		A	